

Heiðagæsir á Eyjabökkum 7. júlí 2009


Skarphéðinn G. Þórisson

Samhliða árlegum hreindýratalningum Náttúrustofu Austurlands í júlí eru heiðagæsir taldar í sárum á Eyjabökkum. Flogið var 7. júlí 2009 og voru öll skilyrði til talninga hin ákjósanlegustu. Flugvél var TF KLÓ og flugmaður Halldór Bergsson, Jón Ingi Sigbjörnsson til aðstoðar. Engar gæsir sáu á flugi. Niðurstaða talningar er sýnd í 1. töflu.


hópur	Flugtalning 7.7.2009		Heiðagæs		Blendingur
	mynd	staður	ad	u	
1	5298	A-kvísl v/útfall	1671	5	
2	5314	A-kvísl v/útfall	902		1
3	5325	Gæsalón	138		
4	5327	Gæsalón	56		
5	5342	Gæsalón	147		
6	5361	Innan Gæsalóns	356		
7	5377	Innan Gæsalóns	92		
	Σ	Eyjabakkar	3362	5	1

1. tafla. Heiðagæsir í sárum á Eyjabökkum 7. júlí 2009.

Flestar gæsirnar voru á austustu kvíslum Jökulsár í Fljótsdal, þrjár hópar á Gæsalóni innan við Eyjafell og tveir innan þess (sjá 1. töflu og mynd).




1. mynd. Staðsetning heiðagæsa á Eyjabökkum 7. júlí 2009.



2. mynd. Stærsti hópur heiðagæsa á austustu kvísl Jökulsár í Fljótsdal á Eyjabökkum 7. júlí 2009.

Á 3. mynd eru sýndar niðurstöður talninga á heiðagæs í sárum á Eyjabakkasvæðinu síðan 1979. Þar sést að nú fjölgar þeim um rúmlega 1000 frá í fyrra.

Heiðagæsir í sárum á Eyjabökkum 1979-2009



3. mynd. Fjöldi heiðagæsa í sárum á Eyjabakkasvæði 1979 til 2009.

Einn fugl skar sig úr fjöldanum en hann er talinn blendingur heiðagæsar og Ross-gæsar (4. mynd). Sami fugl sást líklega á Þuríðarstaðadal í vor (Halldór W. Stefánsson).



4. mynd. Líklegur blendingur Ross- og heiðagæsar.